



Reglur Skaftárhrepps um skólaakstur í grunnskóla

1.gr

Gildissvið og orðskýringar

Um skólaakstur í Skaftárhreppi gilda *Reglur um skólaakstur í grunnskóla*, nr. 656/2009 með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum. Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis.

Heimili í þessum reglum merkir skráð lögheimili nemenda eða annar staður þar sem barnið hefur fasta búsetu.

2.gr

Ábyrgð

Skaftárhreppur ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr

Um skipulag skólaaksturs

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin, sbr. 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Að öðru leyti eiga skólareglur, skv. 30. gr. nr. 91/2008 um grunnskóla, við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.

Ef skólabíll á ekki að sækja nemenda af einhverjum ástæðum á að láta bílstjóra vita tímanlega.

Miðað er við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Skólastjóri semur sérstaklega um aukaakstur, s.s vegna félagsstarfa og vettvangsferða, og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni.

Ekki er heimilit að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra.

Sveitarstjórn er heimilt að semja við foreldra/forráðamenn um þátttöku þeirra í skólaakstri gegn greiðslu. Í slíku samkomulagi skal kveðið á um heimildir til uppsagnar



samkomulagsins sem skal að hámarki gert til eins árs í senn og endurskoðað í upphafi hvers skólaárs.

4.gr.

Akstursáætlun

Daglegur skóalækstur er í samræmi við samninga um skólaækstur sem eru í gildi í hverju sinni.

Skólaækstur er skipulagður samkvæmt akstursáætlun sem skólastjóri vinnur í samráði við sveitarstjóra fyrir hvert skólaár í samræmi við nemendafjölda og kennsluskipan.

Skólastjóri leggur fram áætlun um skólaækstur þar sem koma fram upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu.

Áætlun skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr laga nr. 91/2008 og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu hreppsins sem og viðkomandi grunnskóla.

5.gr

Öryggi farþega

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrir en að öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort að aðstæður séu með þeim hætti, t.d vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaækstur. Tilkynna ber skólastjóra um slíkar breytingar án tafar.

Skólastjóri getur eftir atvikum óskað eftir að skólaækstri sé flýtt eða seinkað vegna veðuraðstæðna.

Skólastjóri metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum.

Bílstjóri skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint og heldur ekki of snemma til að forðast aukinn biðtíma.

Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur í hlað á morgnanna.

Ef foreldrar hafa áhuga að senda barn sitt sem „gest“ í skólabíl, skal bera það undir skólabílstjóra og fá samþykki fyrir aukafarþega.

Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt inn í eða út úr skólabifreið.



Bannað er að bakka á skólalóð.

Verði slys skal strax hafa samband við heilbrigðisþjónustu, lögreglu og skólustjóra og í neyðartilvikum skal hringja í 112 án tafar.

6.gr.

Fatlaðir nemendur

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér skólaakstur eiga rétt á ferðþjónustu til og frá skóla, skv. 35. gr. Laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

7.gr.

Öryggi og búnaður skólabifreiða

Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörn samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkin öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem eru í gildi á hverjum tíma.

Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera farsími.

Hitastig er börn koma í bílinn í upphafi ferðar skal vera viðunandi.

Bifreiðar sem notaðar eru til aksturs á skólabörnum skulu vera snyrtilegar, loftgóðar og reyklaugar.

Kostnaður við breytingar sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar skal eigandi bera sjálfur.

8.gr.

Bifreiðastjóri skólabifreiða

Bifreiðastjóri skólabifreiðar skal hafa aukin ökuréttindi, hafa sótt skyndihjáparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru áætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skylt að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram framangreindu til staðfestingar.

Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII kafla almennra hegningarlaga. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni, sbr. 3. mgr, 11.gr. laga nr. 91/2008.

Gert er ráð fyrir að verktaki sé að öllu jöfnu bifreiðastjóri en þó er heimilt að semja um annað.

Ef forföll og þörf er á að skipta um bílstjóra er gerð krafa um að nöfn mögulegra bílstjóra séu gefin upp í samningi og sá listi uppfærður þegar þess gerist þörf.



Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.

Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins.

9.gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji forráðamaður nemenda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, sveitarstjóra eða fræðslunefnd.

10.gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Skaftárhrepps og skulu þær vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Staðfest í sveitarstjórn 8. nóvember 2018